



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 04.10.2017, kl. 17:30

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson, Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir. Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

### Fundagerð:

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð síðasta stjórnarfundar

**Niðurstaða:** fundagerð samþykkt

2. 8 mánaðar uppgjör 2017 og sjóðsstreymi

Farið var yfir 8 mánaðar uppgjör allra eininga deilda, ásamt aðalstjórnar og vallarsjóðs.

**Niðurstaða:** Rekstur afreksstarfsins er neikvæður um um 11,8 milljónir, rekstur barna- og unglingastarfsins er neikvæður um 7,4 milljónir, rekstur aðalstjórnar og vallarsjóðs er jákvæður um 3,9 milljónir. Verið er að skoða mögulegar lausnir á sjóðsstreymi félagsins en sú vinna er áfram í höndum framkvæmdastjóra.

3. Áætlunargerð

Farið var yfir verkferla við áætlunargerð fyrir árið 2018. Áætlarnir deildanna verða byggðar upp á útkomuspá fyrir árið 2017 sem tekur mið af 9 mánaðar uppgjöri ásamt markmiðum aðalstjórnar og deildanna í rekstri eininga deildanna. Markmið í rekstri fyrir 2017 var að ná jafnvægi í þeim deildum sem áður höfðu verið reknar með tapi. Markmið fyrir árið 2018 og næstu skref eru að vinna niður hallarekstur eininganna. Aðalstjórn lagði því fram tillögu er varðar ráðstöfun á úthlutun Afrekssjóðs fyrir árið 2018 en í skipulagskrá Afrekssjóðs segir eftirfarandi:

„Aðalstjórn setur reglugerð um afrekssjóð sem tiltekur ítarlegri upplýsingar um úthlutun. Reglur um úthlutun skulu vera greinilegar og mælanlegar til að tryggja jafnrétti og gegnsæi. Þær gilda um næstlíðandi tímabil eftir að þær eru settar. Við ákvörðun upphæða verður að taka tillit fjárhagsstöðu afrekssjóðs“.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga: Ef eining deildar, sem hlýtur úthlutun úr Afrekssjóði fyrir árið 2018, skilar neikvæðu eigin fé í lok árs 2017, skal 25-50% af úthlutun úr Afrekssjóði ráðstafað til lækkunar á neikvæðu eigin fé einingar deildar. Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra er falið að ákvarða hversu háu hlutfalli úthlutunar úr Afrekssjóði skuli ráðstafað til lækkunar á neikvæðu eigin fé einingar, innan þeirra marka sem að framan greinir. Tillagan mun taka gildi 1.júní 2018. Framkvæmdastjóra er falið að kynna tillöguna fyrir forsvarsmönnum deildanna og skal unnið út frá tillögunni við áætlunargerð fyrir árið 2018.

**Niðurstaða:** Tillagan var samþykkt af öllum stjórnarmönnum nema einum. Þorsteinn Þorbergsson var á móti.



#### 4. Önnur mál

Stjórnarmenn voru minntir að félagsráðsfund þriðjudaginn 10.okt

fundi var slitið kl. 19:35, Ritað Álp